

## D Ó M U R

**Héraðsdóms Reykjavíkur 11. júní 2012 í máli nr. E-4427/2011:**

**Hjördís D. Bech Ásgeirsdóttir**

*(Daniel Isebarn Ágústsson hdl.)*

**gegn**

**Sláturfélagi Suðurlands svf. og**

**Vátryggingarfélagi Íslands hf.**

*(Hákon Árnason hrl.)*

Mál þetta, sem var dómtekið 30. maí sl. er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Hjördísi Bech Ásgeirsdóttur, Vitastíg 5, Hafnarfirði á hendur Sláturfélagi Suðurlands svf., Fosshálsi 1, Reykjavík og Vátryggingarfélagi Íslands hf., Ármúla 3, Reykjavík, með stefnu birtri 15. nóvember 2011.

Stefnandi krefst þess, að stefndu verði sameiginlega (in solidum) gert að greiða stefnanda 7.991.329 kr. með 4,5% ársvöxtum af 222.080 kr. frá 17. október 2006 til 25. apríl 2007 en frá þeim degi af 4.658.061 kr. til 16. júlí 2008 en frá þeim degi af 7.991.329 kr. til 12. júní 2010 en frá þeim degi með dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, til greiðsludags að teknu tilliti til innborgana stefndu að upphæð 2.054.512 kr., dags. 3. júní 2010 og 339.488 kr., dags. 8. júní 2010.

Þá er krafist málskostnaðar eins og stefnandi væri ekki með gjafsókn, og taki tildæmdur málskostnaður mið af því að stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að þeir verið sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hennar hendi að mati dómsins, en til vara að sök verði skipt, stefnukröfur lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

### *Málavextir*

Stefnandi vann hjá Sláturfélagi Suðurlands svf. (hér eftir SS) og varð þar fyrir tveimur slysum við vinnu sína á árunum 2006 og 2007. Þegar slysin urðu var stefndi, SS, með slysatryggingu launþega og ábyrgðartryggingu hjá stefnda, Vátryggingarfélagi Íslands hf. (hér eftir VÍS).

Í fyrra slysinu, hinn 17. október 2006 um kl. 8:30, kveðst stefnandi hafa rekið fót sinn undir vörubretti og við það snúið sig illa á hné. Hafi það verið vegna þrengsla. Stefnandi vann áfram þennan dag, en leitaði á slysadeild daginn eftir, eða hinn 18. október um kl. 17:00, þar sem hún greindist með tognun kringum hægra hné og ofreynslu. Enginn vökvi var í hnénu við skoðun og engin eymsli yfir hliðlægum liðböndum eða yfir liðbili. Hins vegar voru dálítill eymsli yfir nærhluta sköflungsbeins neðan hnéliðs yfir vöðvafestu. Fékk stefnandi bólgueyðandi lyf og almennar leiðbeiningar. Var talið um „lágmarks tognun“ að ræða. Engin vitni voru að óhappinu, en mismunandi lýsingar eru í læknisfræðilegum gögnum málsins um það hvernig slysið átti sér stað.

Seinna slysið varð miðvikudaginn 25. apríl 2007 um kl. 9:30. Stefnandi kveður í stefnu að slysið hafa orðið með þeim hætti að bakkastæða hafi hrunið ofan á hana með þeim afleiðingum að hún slasaðist á öxl og handlegg. Ástæðuna kveður stefnandi þá að of margir bakkar hafi verið í stæðunni, auk þess sem einn bakkanna, neðarlega í stæðunni, hafi verið ónýtur og gefið sig með fyrrgreindum afleiðingum. Í tilkynningu stefnanda til stefnda, VÍS, kveðst stefnandi hafa verið að taka niður úr seilingarhæð efsta bakkann í 8-9 bakka hárra plastbakkastæðu, þegar næst neðsti bakkinn hafi gefið sig og stæðan hrunið og lent á hægri öxl hennar og handlegg. Hafi komið í ljós að plastbakkinn sem gaf sig hefði verið settur skemmdur í stæðuna, sem komið hafi að Fosshálsi frá Hvolsvelli. Ekki voru vitni að slysinu. Á þriðja degi, eða 27. apríl leitaði stefnandi á slysadeild vegna verkja í öxlinni, þar sem hún var greind með tognun og ofreynslu á axlarlið og mar og yfirborðsáverka á handlegg. Segir í vottorði slysadeildar, dags. 15. júlí 2007, að misjafnt sé hve fljótt fólk jafni sig eftir svona áverka. Flestir nái fullum bata innan nokkurra vikna, en í einstaka tilviki sé bataferill lengri ef upp koma bólgur í vöðvafestum eða liðpoka vegna álags.

Hinn 14. júlí 2009 skaut stefnandi málinu til Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Hann 18. ágúst 2009 kom niðurstaða nefndarinnar á þann veg að stefnda, VÍS, bæri að greiða bætur úr slysatryggingu launþega vegna fyrra slyssins og úr ábyrgðartryggingu vegna seinna slyssins. Hinn 19. ágúst 2009 óskaði stefndi VÍS eftir endurupptöku málsins þar sem afstaða félagsins hafði ekki borist úrskurðarnefndinni. Hinn 8. september 2009 komst nefndin að sömu niðurstöðu, þ.e. að greiðsluskylda væri fyrir hendi úr slysatryggingu launþega vegna fyrra slyssins en úr ábyrgðartryggingu vegna seinna slyssins.

Matsgerð dómkvaddra matsmanna þeirra, Halldórs Baldurssonar lækni og Ingvars Sveinbjörnssonar hrl., er frá 26. apríl 2010. Niðurstaðan er sú að tímabundin óvinnufærni stefnanda vegna fyrra slyssins hafi verið algjör frá 18. október 2006 til 22. október 2006 og frá 26. október til 12. nóvember sama árs. Tímabil þjáninga án rúmlegu hafi verið einn mánuður. Þá var varanlegur miski metinn 2 stig, sem og læknisfræðileg örorka (2%). Engin varanleg örorka var metin. Stöðugleikapunktur var 17. desember 2007.

Í seinna slysinu var stefnandi metin algerlega óvinnufær frá 18. júní 2007 til 19. júlí 2008. Tímabil þjáninga án rúmlegu var hið sama. Varanlegur miski var metinn 15 stig og læknisfræðileg örorka 15%. Varanleg örorka var metin 10% og stöðugleikapunktur var 16. júlí 2008.

Með bréfi, dags. 12. maí 2010, var krafist bóta samkvæmt fyrrgreindri matsgerð og skaðabótalögum. Stefndi féllst ekki á greiðslu bóta á grundvelli ábyrgðartryggingar en féllst þó á að greiða inn á heildarkröfu stefnanda.

### *Málsástæður og lagarök stefnanda*

Krafa stefnanda byggir á því að stefndu beri ábyrgð á líkamstjóni hennar. Líkamstjón stefnanda sé afleiðing af saknæmri og ólögmætri háttsemi stefnda, SS og starfsmanna þess. Þar sem félagið hafi verið með ábyrgðartryggingu hjá stefnda, VÍS á slysdegi sé félaginu einnig stefnt, sbr. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga, og 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Deila aðila snúist um hver beri bótaábyrgð á slysunum. Stefnandi telur stefnda, SS bera ábyrgð á slysunum á grundvelli sakarreglunnar, reglunnar um vinnuveitandaábyrgð, ströngum bótareglum vegna hættulegs vinnuumhverfis og ströngum bótareglum um ábyrgð fasteignareiganda

Stefnandi byggir á þeim sérstöku sjónarmiðum sem eigi við um beitingu sakarreglunnar þegar slys verði á vinnustað, vegna sakar starfsmanna og/eða vegna ófullnægjandi aðbúnaðar. Þannig sé byggt á ströngu sakarmati á ábyrgð vinnuveitanda á hættulegum vinnuaðstöðum. Byggt sé á því að stefndu beri skaðabótaábyrgð á verkstjórn og vinnubrögðum starfsmanna sinna.

#### *1. Bótgrundvöllur vegna vinnuslyss 17. október 2006*

Stefnandi rekur fyrra slysið, hinn 17. október 2006, til þess að vinnuaðstaða og verkstjórn hafi ekki verið fullnægjandi. Henni hafi verið ætlað að ganga með þunga bakka eftir gólfi þar sem erfitt hafi verið að fóta sig vegna þess að gólfflöturinn hafi verið þakinn vörum og brettum og gönguleiðin hafi þannig verið mjög þröng. Stefnandi hafði ítrekað kvartað yfir þessari vinnuaðstöðu.

Hinn 17. október 2006 er stefnandi hafi haldið á þungum bakka og þurft að smeygja sér á milli skápa og vörubretta hafi hún rekið fót sinn undir eitt vörubrettanna og snúið sig illa.

#### *Um skyldur vinnuveitanda til að gæta fyllsta öryggis, leiðbeina og hafa eftirlit*

Á atvinnurekanda hvíli strangar skyldur um eftirlit og verkstjórn með starfsmönnum. Atvinnurekendur beri höfuðábyrgð á því vinnuumhverfi sem þeir búi starfsmönnum sínum og því hvernig vinnan sé framkvæmd. Á vinnuveitanda hvíli skylda til að tryggja, að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað, sbr. 13. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Í 37. gr. sömu laga segi að vinnu skuli haga og framkvæma þannig, að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta.

Það sé á ábyrgð vinnuveitanda að skapa öruggt starfsumhverfi og koma í veg fyrir slysaþættu. Ekki verði séð að stefndi, SS hafi farið að þessum reglum enda hafi vinnuaðstaðan ekki verið örugg. Stefnandi hafði kvartað undan aðstöðunni en

ekkert hafi verið gert til að bæta hana fyrr en eftir slys stefnanda. Auðveldlega hefði mátt koma í veg fyrir þessa slyshættu með því að bæta skipulagið á vinnusvæðinu. Það hafi ekki verið gert og þess í stað ætlast til þess að starfsfólk smeygði sér á milli vörubretta, jafnvel haldandi á þungum byrðum. Það sé því alveg ljóst að hvorki hafi fyllsta öryggis verið gætt né hafi starfsumhverfið verið öruggt.

Í 21. gr. laga nr. 46/1980 komi fram að verkstjóri sé fulltrúi atvinnurekanda og sjái um, að allur búnaður sé góður og öruggt skipulag sé ríkjandi á þeim vinnustöðum sem hann hafi umsjón með. Þá sé í 23. gr. laganna lögð sú skylda á verkstjóra, að beita sér fyrir, að starfsskilyrði innan þess starfssviðs, sem hann stjórnir, séu fullnægjandi að því er varði aðbúnað, hollustuhætti og öryggi.

Verkstjóri skuli sjá um, að þeim ráðstöfunum, sem gerðar séu til þess að auka öryggi og bæta aðbúnað og hollustuhætti, sé framfylgt. Stefnandi byggir á því að stefndi SS hafi brotið gegn skyldum sínum sem vinnuveitanda skv. reglum um vinnuvernd.

Stefndi, SS hafi ekki aðeins látið viðgangast að starfsmenn viðhefðu verklag sem hafi verið hættulegt, heldur hafi hann beinlínis ætlast til þess að starfsmenn ynnu verkið á þennan hátt. Leiði þetta til bótaábyrgðar stefndu á slysi stefnanda.

#### *Um skyldur stefnda í tengslum við húsnæði vinnustaða*

Stefnandi heldur því fram að á fasteignareiganda hvíli rík aðgæsluskylda og beri honum að haga aðstæðum á fasteigninni á þann veg að þeir sem eigi erindi fasteigninni verði ekki fyrir tjóni. Af dómaframkvæmd síðustu ára megi sjá að rík skylda sé lögð á fasteignaeigendur til að tryggja öryggi vegfarenda og hafi sú skylda verið vanrækt hafi það leitt til bótaskyldu fasteignareigandans.

Enn ríkari skylda hafi hvílt á stefnda, SS, þess efnis að haga aðstæðum á vinnusvæði stefnanda á þann hátt að öryggi hennar og annarra væri tryggt. Vinnuaðstaða stefnanda hafi verið ófullnægjandi og hafi það leitt til slyssins.

Vinnustaður skuli þannig úr garði gerður að þar sé gætt fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta, skv. 42. gr. laga nr. 46/1980. Þessi regla laganna hafi svo verið útfærð nánar í reglum um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995. Í 1. og 2. mgr. 3. gr. reglnanna segir: „Húsnæði vinnustaða skal innrétta þannig að þar sé sem öruggast og heilsusamlegast starfsumhverfi. Byggingar skulu vera nægjanlega traustar og þannig gerðar að hæfi notkun þeirra. Vinnurými skal skipulagt með hliðsjón af því starfi sem þar á að framkvæma. Allar umferðaleiðir manna og flutningstækja skulu vera greiðar og afmarkaðar. Sömuleiðis skal skipa efni, vörum og flutningstækjum eða öðrum færanlegum vélum á afmarkað eða aðgreint svæði eða rými eftir því sem aðstæður leyfa. Starfsmenn skulu hafa nægjanlegt athafnarými við störf sín án þess að vera á umferðarsvæðum nema eðli starfsins krefjist þess.“

Stefndi, SS, hafi ekki farið eftir reglum þessa ákvæðis. Vinnuaðstaðan hafi ekki verið þannig úr garði gerð að hún væri sem öruggust. Þá hafi vinnurýmið ekki verið skipulagt með hliðsjón af því starfi sem þar hafi verið framkvæmt því þá hefðu a.m.k. umferðarleiðir verið greiðar.

Í 1. mgr. 39. gr. tilvitnaðra reglna segi að umferðarleiðir skuli staðsetja og útbúa þannig að fótgangendur og ökutæki megi nota þær vandkvæðalaust, með fullu öryggi og á þann hátt sem tilgangur þeirra segi til um.

Í 2. mgr. sömu greinar sé lögð sú skylda á vinnuveitendur að tryggja að rými á umferðarleiðum fyrir fótgangendur og flutning á vörum skuli vera í samræmi við fjölda hugsanlegra notenda og þá starfsemi sem stunduð sé. Ætlast hafi verið til þess að stefnandi færi með þunga bakka um allt af þrönga umferðarleið, og hafi umferðarleiðin þar með ekki verið í samræmi við starfsemina sem þar hafi verið stunduð.

#### *Um skyldur vinnuveitanda um skriflega áætlun um öryggi og áhættumat á vinnustaðnum*

Stefnandi byggir einnig á því að stefndi hafi brotið gegn skyldu sinni samkvæmt 14. gr. laga nr. 46/1980, um að gera starfsmönnum sínum ljósa slysaáættu, sem kunni að vera bundin við starf þeirra. Atvinnurekandi eigi að sjá um að starfsmenn fái nauðsynlega kennslu og þjálfun í að framkvæma störf sín þannig að ekki stafi hættu af. Þá skuli atvinnurekandi, skv. 65. og 66. gr. laganna, gera skriflega áætlun um öryggi, heilbrigði og mat á áhættu. Ljóst sé að stefndi, SS hafi vanrækt þessar skyldur sínar. Engar reglur eða áætlanir hafi verið til hjá fyrirtækinu, sem hafi mælt fyrir um örugg vinnubrögð og áhættumat þegar slysið varð.

#### *Um að stefndu beri sönnunarbyrðina fyrir því að vinnuaðstæður hafi verið fullnægjandi*

Vinnueftirliti ríkisins hafi ekki borist tilkynning um slysið fyrr en 28. desember 2006 eða rúmum tveimur mánuðum eftir að það hafi átt sér stað. Samt sem áður sé tilkynningin dagsett 20. október 2006. Þessi vanræksla á tilkynningu slyssins hafi leitt til þess að Vinnueftirlitið rannsakaði ekki slysið og aðstæður á vinnustaðnum. Það leiði til þess að sönnunarbyrði um tildrög slyss sé snúið við.

#### *2. Bótaábyrgð vegna vinnuslyss 25. apríl 2007*

Stefnandi telur stefndu einnig bera ábyrgð á seinna vinnuslysinu sem hún hafi orðið fyrir hinn 25. apríl 2007. Bótaábyrgðin sé reist á sömu sjónarmiðum og þegar séu fram komin vegna bótaábyrgðar á fyrra slysi stefnanda, svo sem um skyldu vinnuveitanda til að tryggja fyllsta öryggis á vinnustað og skyldur hans til að gera skriflega áætlun um öryggi og áhættumat á vinnustaðnum. Til að forðast endurtekningu sé vísað í umfjöllunina hér að framan en auk þess verði fjallað um önnur atriði hér á eftir.

Í tilkynningu stefnda, SS, til Vinnueftirlits ríkisins er slysinu svo lýst: „Var að taka niður efsta bakka í stæðu þegar brotinn bakki gaf sig og stæðan hrundi. Stæðan var 8-9 bakkar á hæð. Stæðan lenti á hægri öxl og handlegg.“ Stefndi, SS, telur því orsök slyssins vera brotinn bakka í stæðu sem hafi leitt til þess að stæðan hrundi. Stefnandi hafi ítrekað bent stefnda, SS, á hættuna sem fylgdi því að hafa stæðurnar of háar og einnig að í þeim kynnu að leynast brotnir bakkar. Ekki hafi verið brugðist við ábendingum hennar en með því hefði mátt koma í veg fyrir umrætt slys og fleiri sambærileg slys á öðrum starfsmönnum fyrirtækisins. Slys stefnanda

sé ekki eina dæmið um að starfsmaður slasist í fyrirtækinu við það að bakkastæða detti ofan á hann.

### *Um að stæðunni sem hrundi hafi verið rangt staflað*

Stefnandi byggir kröfur sínar einnig á 7. gr. reglna nr. 499/1994, um öryggi og hollustu þegar byrðar séu handleiknar, en þar komi fram að þegar byrðum sé staflað skuli séð til þess að hægt sé að gera það án hættu á heilsutjóni og án hættu á að staflinn falli. Þessi regla hafi verið brotin af hálfu starfsmanna stefnda, SS, því stæðunni sem féll á stefnanda hafi ekki verið raðað rétt. Hún hafi verið of þung auk þess sem í henni hafi verið brotnir bakkar. Stæðunni hafi alls ekki verið staflað örugglega heldur hafi hún verið allt of há og óstöðug og hafi það leitt til slyss stefnanda. Stefndi SS beri ábyrgð á þessum mistökum við verkstjórn og þar með tjóni stefnanda.

### *3. Bótafjárhæðir*

Afleiðingar slysa stefnanda hafi verið metnar af dómkvöddum matsmönnum og taki kröfugerðin mið af niðurstöðum matsgerðarinnar og ákvæðum skaðabótalaga nr. 50/1993. Fjárhæðir miðist við vísitöluna í maí 2010 (7165) en þá hafi kröfubréf stefnanda verið sent stefnda VÍS. Í stefnu er ítarleg sundurliðun dómkröfunnar.

### *4. Aðrar kröfur*

Málskostnaðarkrafa stefnanda er byggð á 1. mgr. 129. gr. og 1. og 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og því sé nauðsynlegt að taka tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun málskostnaðar.

Um varnarþing vísast til 1. mgr. 33. gr., sbr. 42. gr., laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Stefndu séu með lögheimili í Reykjavík.

### *Málsástæður og lagarök stefndu*

Stefndu taka fram að um bæði hin umstefndu slys gildi almennar skaðabótareglur. Hvíli sönnunarbyrðin á stefnanda um ætlaða sök stefnda, SS, á hinum umstefndu slysum. Verði ekki séð að slysin hafi verið tilkynningarskyld til vinnueftirlitsins skv. 79. gr. laga nr. 46/1980. Stefnandi hafi haldið áfram vinnu eftir slysin og ekkert verið fyrirliggjandi um að slysin myndu hafa í för með sér langvinnt eða varanlegt heilsutjón. Hafi því ekkert tilefni verið til þess að tilkynna slysin strax til Vinnueftirlitsins. Verði stefndu því ekki látnir bera hallann af vafaatriðum varðandi málsatvik, ætlaða sök stefnda, SS, og orsakatengsl, eða sönnunarbyrðinni snúið við.

Þá bendi ekkert til „hættulegs vinnuumhverfis“ þar sem slysin urðu, eins og stefnandi haldi fram. Gildi sakarreglan um vinnuumhverfi í íslenskum rétti. „Ströngum bótareglum“ vegna „hættulegs vinnuumhverfis“ verði því ekki beitt eins og stefnandi krefjist. Sé og óljóst hvaða ströngu bótareglur stefnandi eigi hér við. Komi hlutlæg bótaábyrgð ekki til álita. Sakarreglan gildi einnig í íslenskum rétti um skaðabótaábyrgð fasteignareiganda. „Ströngum bótareglum um ábyrgð fasteignareiganda“ verði því heldur ekki beitt gagnvart stefnda sem eiganda hússins, þar sem slysin urðu, svo sem stefnandi krefjist.

### *1. Slys stefnanda 17. október 2006*

Sýknukrafa stefndu sé á því reist, að ekki sé sannað að stefndi, SS, eigi nokkra sök á umstefndu slysi stefnanda hinn 17. október 2006. Megi rekja slysið til óhapps og gáleysis stefnanda sjálfrar.

Þessu til stuðnings sé bent á eftirfarandi: Engar sönnur hafi verið leiddar að því að vinnuaðstæður í afgreiðslusal stefnda að Fosshálsi 1, Reykjavík, þar sem stefnandi hafi orðið fyrir slysinu, hafi verið saknæmar eða brotið í bága við lög eða reglur um öryggi á vinnustöðum og húsnæði vinnustaða og það valdið slysinu. Hafi fullyrðingar stefnanda í þá átt ekkert sönnunargildi, en ekkert sé fyrirliggjandi frá eftirlitsaðilum eða öðrum um að einhverju hefði verið áfátt á vinnustaðnum á þessum tíma, eða að stefndi, SS, hefði brotið eitthvert ákvæði laga eða reglugerða um öryggi á vinnustöðum og húsnæði vinnustaða, sem gæti verið orsakavaldur slyssins. Það eitt að vörur og vörubretti hafi staðið á gólfinu í afgreiðslusalnum og að starfsmenn hafi þurft að ganga á milli þeirra hafi í sjálfu sér verið ósagnæmt, en rangt sé og ósannað, að gönguleiðirnar hafi verið eitthvað óeðlilega eða hættulega þröngar. Að sama skapi sé alls ósannað að verklag í afgreiðslusalnum hafi verið hættulegt og verkstjórn áfátt. Hafi stefnandi heldur ekki sýnt fram á, hvernig hefði mátt skipuleggja vinnusvæðið og verklagið í salnum þannig að komið hefði í veg fyrir slysið. Ekki sé nóg að fullyrða að það hefði auðveldlega verið hægt. Þá séu þau laga- og reglugerðaákvæði um öryggi á vinnustöðum og húsnæði vinnustaða, sem stefnandi vísar til, almennar efnisreglur og gagnist því lítið við sakarmat í þessu sambandi. Ekki sé heldur sýnt fram á að tilvist öryggisáætlunar og áhættumats, þótt verið hefði til staðar, myndi hafa afstýrt slysinu. Þá kannist stefndi, SS, ekki við að stefnandi eða aðrir hafi fyrir slysið kvartað út af vinnuaðstöðunum í afgreiðslusalnum. Þannig sé ekki við stefnda að sakast um slysið.

Hins vegar bendi frásagnir stefnanda um atvik að slysinu eindregið til þess að slysið sé að rekja til gáleysis hennar sjálfrar og óhapptilviljunar. Sé stefnandi ein til frásagnar um slysið og frásagnir hennar ekki samhljóða. Til að mynda sé haft eftir henni í vottorði slysadeildar á dskj. nr. 31, að hún hafi verið að standa upp um kl. 08:30 slysdaginn, þegar hún hafi fundið einhvers konar verk um hægra hné og síðan þá verið með verk um hnéd. Í tilkynningu stefnda til vinnueftirlitsins sé hins vegar haft eftir henni, að hún hafi snúið sig á fæti er hún hafi verið að ganga milli vörubretta. Í tilkynningu stefnanda til stefnda VÍS kveðst hún hafa rekið fótinn í og misstigið sig við ristina og snúið upp á fótinn þegar hún hafi dottið. Í matsgerðinni sé svo haft eftir henni, að hún hafi fest fótinn í einhverju, hrasað og snúið sig á hægra hné. Í stefnu byggja stefnandi á því, að hún hafi rekið fót sinn undir vörubretti. Séu atvik að slysinu þannig ekki á hreinu, en þó ljóst af þessum

frásögnum að stefnandi hafi ekki sýnt tilhlýðilega aðgæslu, er hún hafi gengið eftir gönguleiðinni milli vörubrettanna, en hún hafi verið búin að starfa þarna í vöruafgreiðslunni í meira en ár og gjörþekkti þar aðstæður. Hafi verið vandalaust að komast hjá því að reka fótinn í eða undir vörubretti eða vörur með fram gönguleiðinni ef eðlileg aðgát væri viðhöfð. Á því hafi orðið misbrestur eftir frásögn stefnanda að dæma. Eigi stefnandi því sjálf sökina á slysinu en ekki stefndi.

## 2. *Slys stefnanda 27. apríl 2007*

Sýknukrafa stefndu sé á því reist að ekki sé sannað, að stefndi, SS, eigi nokkra sök á umstefndu slysi stefnanda hinn 27. apríl 2007. Megi rekja slysið til óhapps og gáleysis stefnanda sjálfra.

Stefndu telja að engar sönnur hafi verið leiddar að því, að vinnuaðstæður í afgreiðslusal stefnda, SS, að Fosshálsi 1, Reykjavík, hafi, þegar stefnandi varð fyrir slysinu, verið saknæmar eða brotið í bága við lög og reglur um öryggi á vinnustöðum eða húsnæði vinnustaða og það valdið slysinu. Hafi fullyrðingar stefnanda í þá átt ekkert sönnunargildi, en ekkert liggi fyrir frá eftirlitsaðilum eða öðrum um það að einhverju hafi verið áfátt á vinnustaðnum eða að stefndi, SS, hafi brotið einhver ákvæði laga eða reglugerða um öryggi á vinnustöðum og húsnæði vinnustaða, sem gæti hafa orsakað slysið. Sé alls ósannað að bakkastæðan, sem fallið hafi á stefnanda, hafi verið „of þung“ og „allt of há og óstöðug“ og „alls ekki staflað örugglega“, svo sem stefnandi haldi fram. Hafi efsti bakkinn í stæðunni verið í seilingarhæð, sbr. framlögð gögn, en engar forskriftir mæli fyrir um hæð eða þyngd á plastbakkastæðum sem þessum. Það eitt að stæðan hrundi, þegar stefnandi hafi verið að taka niður efsta bakkann, sé og ekki sönnun þess að stæðan hafi verið of þung, of há eða henni ekki staflað örugglega. Hafði stæðan enda ekkert haggast fyrr en stefnandi hafi farið að eiga við hana.

Að sama skapi sé ósannað, að stæðan hafi hrunið vegna þess að bakki í stæðunni hafi verið brotinn eða skemmdur. Sé lýsing á atvikum í tilkynningu stefnda, SS, til Vinnueftirlitsins, þar sem segi að brotinn bakki hafi gefið sig og stæðan hrunið, aðeins það sem haft sé eftir stefnanda um slysið, en sé ekki álit stefnda, SS, á orsökum slyssins eins og stefnandi haldi fram eða neins konar viðurkenning. Þá kannist stefndi, SS, ekki við að stefnandi eða aðrir hafi kvartað út af verklagi við niðurtöku bakka né að önnur slys hafi orðið vegna þess að bakkastæða hafi hrunið. Hafi plastbakki í stæðunni verið skemmdur og settur skemmdur í stæðuna eins og stefnandi haldi fram í slysatilkynningu sinni til stefnda, VÍS verði stefnda, SS ekki gefin sök á því, en stæðan hafi komið til stefnda frá Hvolsvelli. Sé og ógerningur að koma í veg fyrir, að plastbakkarnir geti skemmst í flutningi og meðförum og við venjulega notkun. Að plastbakki hafi veiklast eða skemmst sjáist líka misvel og sjaldnast jafnóðum og stundum ekki. Það eitt að skemmdur bakki sé í stæðu verði því sjaldnast metið nokkrum til sakar. Verði þeir sem meðhöndla bakkana að sýna aðgát. Hafi stefnandi ekki sýnt fram á að aðrir starfsmenn SS, fremur en hún sjálf, hefðu átt að sjá að bakkinn hafi verið skemmdur, ef um var að ræða, og bregðast við því. Sé þannig ekkert við stefnda SS um slysið að sakast.

Um eigin sök stefnanda sé hins vegar ekki vafi. Stefnandi hafi brotið gegn verklagsfyrirmælum með því að taka ekki aðstoðarmann með sér í verkið. Hafi það verið verulega gálaust, enda augljóst hverjum manni að hætta gat verið á því að stæðan ylti, ef aðeins einn maður stóð að verki. Hins vegar hafi lítil hætta verið á

Því að eitthvað færi úrskeiðis eða bakkastæðan ylti, ef tveir menn lyftu saman efstu bökkunum niður af stæðunni í stað eins. Hafði stefnandi í ljósi aldurs og starfreynslu og ítrekaðra verklagsfyrirmæla ekkert því til afsökunar að kalla ekki til aðstoðarmann. Hafi stefnandi því sjálf valdið hruni stæðunnar með því að fást ein við það að taka efsta bakkann af stæðunni í stað þess að taka bakkann niður með hjálp aðstoðarmanns, svo sem verklagsreglur buðu og stefnanda hafi verið skylt að fylgja. Hafði margoft verið brýnt fyrir starfsmönnum stefnda að hafa aðstoðarmann við að taka niður efstu bakkana í bakkastæðunum. Hafi slík aðstoð ávallt verið tiltæk (dskj. 5 og 49). Eigi stefnandi þannig sjálf sök á slysinu.

Stefndu mótmæla einnig dómkröfu stefnanda tölulega í greinargerð sinni sem og vaxtakröfunni.

### *Niðurstaða*

Ágreiningur málsins lýtur að tveimur slysum er stefnandi kveðst hafa orðið fyrir í starfi sínu hjá stefnda, SS. Annars vegar hinn 17. október 2006 og hins vegar 25. apríl 2007. Engir sjónarvottar voru að slysum þessum.

Samkvæmt 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum með síðari breytingum skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings.

Í fyrra slysinu var atvikum svo háttað að stefnandi slasaðist árla þriðjudagsins 17. október 2006 og vann þann dag. Daginn eftir og fram að helgi mun stefnandi hafa verið frá vinnu vegna slyssins og mætt til vinnu mánudaginn 23. október 2006.

Seinna slysið á sér stað 25. apríl 2007 og var stefnandi í vinnu þann dag og næstu daga. Mánudaginn 30. apríl 2007 er stefnandi veik án tengsla við óhappið og síðan í nokkur skipti þar til hún er hinn 18. júní 2007 skráð frá vinnu vegna vinnuslyssins en hún lét af störfum í lok júní 2007.

Með vísan til þess að stefnandi var við vinnu sína til dagsloka báða slysdagana og í vinnu dagana eftir seinna slysið hvíldi ekki sú lagaskylda á stefnda, SS, að tilkynna vinnuslysið til Vinnueftirlitsins. Ber stefnandi sönnunarbyrðina fyrir því að hún hafi orðið fyrir tjóni sem stefndu beri bótaábyrgð á.

Í málatilbúnaði sínum vísar stefnandi til þess að á atvinnurekanda hvíli strangar skyldur um eftirlit og verkstjórn með starfsmönnum. Þá hvíli einnig sú ábyrgð á atvinnurekanda að skapa öruggt starfsumhverfi og koma í veg fyrir slysaættu.

Stefnandi heldur því fram að á fasteignareiganda hvíli rík aðgæsluskylda og beri honum að haga aðstæðum á fasteigninni á þann veg að þeir sem eigi erindi á fasteigninni verði ekki fyrir tjóni. Þá eigi starfsmenn rétt á nauðsynlegri kennslu og þjálfun í framkvæmd starfa sinna og að skrifleg áætlun eigi að vera um öryggi, heilbrigði og mat á áhættu. Stefnandi vísar til 13. gr., 14. gr., 21. gr., 23. gr., 37. gr., 42. gr. 65. gr. og 66. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þá vísar stefnandi til reglna um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995, en í 3. gr. reglnanna segir meðal annars að allar umferðarleiðir manna og flutningstækja skuli vera greiðar og afmarkaðar og að starfsmenn skuli hafa nægjanlegt athafnarými við störf sín án þess að vera á umferðarsvæðum nema eðli starfsins krefjist þess. Þá segi í 39. gr. tilvitnaðra reglna að umferðarleiðir skuli staðsetja og útbúa þannig að fótgangendur og ökutæki megi nota þær vandkvæðalaust, með fullu öryggi og á þann hátt sem tilgangur þeirra segi til um. Varðandi seinna óhappið vísar stefnandi einnig til 7. gr. reglna nr. 499/1994 um öryggi og hollustu þegar byrðar séu handleiknar, en þar komi fram að þegar byrðum sé staflað skuli séð til þess að hægt sé að gera það án hættu á heilsutjóni og án hættu á að staflinn falli.

Stefnandi hefur leitt fyrir dóm þrjú vitni um starfsumhverfið. Í framburði Vigfúsar Kristjáns Dagnýsson, en hann starfaði hjá stefnda, SS, á árunum 2005 til 2008, kemur fram að hann kvaðst einungis þekkja til seinna óhappsins. Hann kvað aðstæður vera mjög þröngar, lagerinn hafi verið illa skipulagður og aðstaðan ömurleg. Hann kvað að einn starfsmaður hafi komist á milli brettanna. Kannski hafi tveir náð að smeygja sér á milli. Hann kvað að þeir hafi haft trillur til afnota og þær hafi komist á milli brettanna. Hann kvaðst hafa séð stæðu hrynja, en næst neðsti bakkinn hafi verið brotinn. Þá kom fyrir dóminn Lilja Bryndís Sigurbjörnsdóttir. Hún kvaðst hafa unnið hjá stefnda, SS, á árinu 2005. Svæðið hafi verið lítið og þröngt. Stæðurnar hafi verið mjög háar. Þær hafi alltaf hjálpast að við að taka niður efstu bakkanna og það hafi verið vinnuregla á staðnum. Hún kvað að bakkarnir hafi oft verið brotnir og þeir hafi verið valtir. Að lokum kom fyrir dóminn Jónína Guðmundsdóttir sem starfaði hjá SS frá 2000 til 2008. Hún kvaðst hafa vitað að stefnandi hefði lent í tveimur óhöppum en þó sérstaklega seinna óhappinu. Hún kvað hafa verið mjög þröngt á vinnusvæði stefnanda. Mikið að vörum hafi komið þarna inn. Brettin hafi komið þarna inn með rauðu bökkunum, og þeir hafi oft verið skemmdir, með sprungum og brotnir. Það hafi verið búið að kvarta yfir því. Hún kvað það hafa komið fyrir að stæðurnar hafi hrunið, þannig að bakkarnir hafi dottið hver ofan á annan en ekki dottið niður á gólf.

Stefndi er matvælafyrirtæki með fjölda manns í vinnu. Stefnandi hóf störf hjá stefnda, SS, árið 2005 og var starfssvið hennar fólgið í því að sjá um skólamáltíðir, en þær voru fluttar í rauðum bökkum frá Hvolsvelli á starfsstöð stefnanda á Fosshálsi. Þar bar stefnanda að sjá til þess koma matnum í kæliskápa, yfirfara matinn og athuga hvort allt væri í lagi og fleira. Þá bar henni að fylgja eftir gæðaeftirlitinu í skólunum sjálfum. Eins og stefnandi lýsir starfi sínu fyrir dómi er ekki hægt að fallast á það að verkstjórn eða eftirliti með starfsmönnum hafi verið ábótavant og hægt sé að rekja slysin til þess. Stefnandi sem og vitni þau sem fyrir dóminn komu hafa borið að þröngt hafi verið á starfssvæði stefnanda og slysin megi rekja til þess. Hins vegar er á það að líta að stefnandi var gjörkunnug þessum þrengslum sem voru þó ekki meiri en svo að trilla hafi komist á milli stæðanna og tveir menn getað smeygt sér á milli. Því verður ekki fallist á að starfsaðstaðan hafi valdið slysunum, né heldur að stefnda, SS, hafi ekki fullnægt skyldum sínum til að

gera skriflega áætlun um öryggi og áhættumat á vinnustaðnum. Þá verður ekki talið að hægt sé að rekja slysin til fasteignarinnar sem slíkrar eða annarra þeirra atriða er stefnandi byggir á.

Fyrri slys stefnanda er óhappatilviljun sem allir geta lent í. Stefnandi hefur ekki sýnt fram á hvernig það átti sér stað en lýsingar af því eru misvísandi í framlögðum gögnum. Óhapp þetta er því á ábyrgð stefnanda.

Varðandi seinna slysið er stefnandi einnig ein til frásagnar um hvernig það bar að. Í tilkynningu stefnanda til stefnda, VÍS, segir: „Var að fara taka bakka af stæðu þegar næst neðsti kassi gaf sig og stæðan hrundi yfir hægri hlið mína á öxl og handlegg. Kom í ljós að plastkassinn var skemmdur sem gaf sig.“ Í tilkynningu um vinnuslys til Vinnueftirlitsins segir að slysið hafi átt sér stað kl. 9.30. Í lýsingu á vinnuslysinu segir: „Var að taka niður efsta bakka í stæðu þegar brotinn bakki gaf sig og stæðan hrundi. Stæðan var 8-9 bakkar á hæð. Stæðan lenti á hægri öxl og handlegg. Læknisvottorð um áverka, sem fengið var tveimur dögum síðar, mun liggja fyrir.“ Síðan segir á tilkynningunni: „Það hefur verið ítrekað margsinnis við starfsmenn að fá aðstoð við að taka efstu bakka í stæðu.“ Í tölvupósti Ragnars Guðmundssonar frá 21. maí 2011, kl. 13.34 til stefnanda segir hann að það eitt að fara óvarlega og leita ekki aðstoðar virðist hafa leitt til óhappa. Af póstinum má ráða að Ragnar líti svo á að stæðan hafi hrunið þegar stefnandi var að taka efsta bakkann niður, samanber lýsingu í tilkynningu til Vinnueftirlitsins. Í svari stefnanda frá því kl. 16.20 sama dag hreyfir hún ekki andmælum við því. Í stefnu er hins vegar byggt á því að stæðan hafi hrunið á stefnanda að því er virðist án þess að hún hafi nokkuð komið við hana. Fyrir dómi kvað stefnandi að hún hefði verið búin að taka plastið utan af stæðunni og liggur því fyrir að stefnandi hefur átt við stæðuna áður en hún hrundi.

Með vísan til þess sem að framan er rakið verður að leggja til grundvallar að stefnandi hafi verið byrjuð að taka efsta bakka stæðunnar niður, án aðstoðar, er stæðan hrundi. Slysið er því að rekja til aðgæsluleysis stefnanda sem fór ekki að vinnureglum og verða stefndu sýknaðir af bótakröfu hennar vegna slyssins.

Með vísan til þess sem að framan greinir ber að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður. Stefnandi hefur gjafsóknarleyfi. Kostnaðurinn greiðist því úr ríkissjóði þar með talin málflutningslaun lögmanns stefnanda, Daníels Isebarn Ágústssonar hdl., sem þykja hæfilega ákveðin svo sem greinir í dómsorði.

Sigrún Guðmundsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

## DÓMSORÐ

Stefndu, Sláturfélag Suðurlands svf. og Vátryggingafélag Íslands hf., eru sýknuð af kröfum stefnanda, Hjördísar Bech Ásgeirsdóttur.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin  
málflutningsþóknun lögmanns hennar, Daníels Isebarn Ágústssonar, hdl. 500.000  
krónur.

Sigrún Guðmundsdóttir.